

## 91. Stjórnarfundur FENÚR

24. október 2006

**Mætt:**

Elías Ólafsson, Ragna I. Halldórsdóttir, Björn Halldórsson, Helga Bjarnadóttir, Guðmundur T. Ólafsson og Úlfar Haraldsson.

**Staður og stund:** Austurvegi 56, Selfossi, kl. 14:00

- Síðasta fundargerð einróma samþykkt.
- GTÓ fór yfir FENÚR-ferðina sem farin var í lok september. Ferðin þótti takast vel í alla staði og allir ánægðir. Ferðasaga og myndir úr ferðinni verða sett inn á heimasíðuna.
- **Aðalfundur ISWA**  
GTÓ fór yfir niðurstöðu kosningar í stjórn ISWA.  
Forseti: Niels Jörn Hahn frá Danmörku.  
Varaforseti: Atilio Savino frá Argentínu.  
Gjaldkeri: Morten Sandbakken frá Noregi.
- GTÓ talaði um að panta þyrfti tíma hjá umhverfissráðherra til að kynna FENÚR og sækja um styrk í leiðinni fyrir næsta aðalfund ISWA.
- **Fréttablað FENÚR**  
Gyða S. Björnsdóttir ætlar að sjá um útgáfu þess. Í blaðinu verður ferðasaga FENÚR rakin. RIH og GTÓ ætla að segja Gyðu frá ferðinni, þar sem hún fór ekki með.
- **Önnur mál:**
  1. Henning hjá Renosam talaði við GTÓ um hvort ætti að halda ráðstefnu með norðureyjum (Færeyjar, Ísland, Grænland og Hjaltlandseyjar) og Skandinavíulöndum til að sjá hvort þeir eigi eitthvað sameiginlegt og spá þá í frekara samstarf.
  2. Stefnt er á að halda kvöldfund í janúar á vegum FENÚR.

Næsti fundur ákveðinn 21. nóv. kl: 14 á Selfossi.

Fundi slitið kl. 15:05.